Zontasamband Íslands
Landsfundur 2019
Hótel KEA á Akureyri

Laugardagur 6. apríl

1. **Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir formaður Zontaklúbbs Akureyrar.**
   Formaður ZA Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir bauð konur velkomnar.

2. **Fundarsetning Þóra Ákadóttir svæðisstjóri.**
   Þóra Ákadóttir svæðisstjóri setti fund og þakkaði konum fyrir skemmtilega stund í Zontahúsi deginum áður. 60 konur eru skráðar á landsfundinn. Þóra ræddi hlutverk zonta og þau verkefni sem alltaf eru í gangi. Í ár er mikið afmælisár, 100 ára afmæli ZI svo nokkuð sé nefnt.

3. **Skipun fundarstjóra og tveggja fundarritara**
   Fundarstjóri var tilnefnd Kristín Sóley Björnsdóttir og ritarar þær Arna Heiðmar Guðmundsdóttir og Inga Margrét Árnadóttir. Samþykkt samhljóða.

4. **Nafnakall.**
   Kristín Sóley Björnsdóttir tók við fundarstjórn og framkvæmdi nafnakall.

5. **Fundarssjóri kynnti dagskrá fundarins.**
   Dagskrá fundarins kynnt.

6. **Fundargerð síðasta landsfundar kynnt og borin upp til samþykktar.**
   Fundargerð síðasta landsfundar kynnt og vísað til þess að fundargerð hafi verið send út og beðið um athugasemdir. Smávægilegar athugasemdir komu og Þóra Ákadóttir mun sjá um leiðéttingar. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

7. **Skýrslur svæðisstjóra áranna 2017 – 2019.**

Skýrslur svæðisstjóra áranna 2017 – 2019. Þóra las upp báðar skýrslurnar í fjarveru Láru G Hansdóttur (2017 – 2018) Í skýrslu Láru sagði hún frá landsfundi í Reykjavík 2017 sem Zontaklúbburinn Embla sá um og haldinn var á Þjóðminjasafninu. Hún gat um þá fundi sem haldnir hafa verið svo sem fundi umdæmisstjórnar í Kaupmannahöfn og í Reykjavík. Umdæmisþingið var í Reykjavík í september 2017. Lára gat þess að oft eru svæðsstjórnir í mismunandi löndum að glíma við svipuð vandamál t.d fækkun í klúbbum og hækkandi aldur og hún lagði áherslu á að zontakonur standi saman og hafi markmið ZI að leiðarljósi.
Þóra flutti sína skýrslu með myndrænum hætti þ.e. með glærum með texta og myndum.
Þóra flutti svo sína skýrslu þar sem hún byrjaði á að geta þess að hún hefði tekið við sem svæðisstjóri fyrr en ætlað var eða 2018. Hún fór með Láru á fund í apríl 2018 þar sem lagt var upp vinnuplan fyrir næsta tvíæring. Hún fór einnig á heimsþingið í Japan. Fyrsti fundu nýrrar stjórnar var svo í Noregi í byrjun september 2018 þar sem farið var yfir væntanlegt starf stjórnar. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar ZÍ var í janúar 2019. Áður hafði verið haldinn skype-fundur.
Í starfinu er fylgt markmiðum 13. svæðis og er megináhersla á að allir klúbbar styrki verkefni ZI og að allir klúbbar styrki eitt heimaverkefni. Að styrkja klúbbana með samvinnu og að fjölga meðlimum er mikilvægt verkefni. Afmæli Zonta hvetur til sýnileika og var skipuð afmælisnefnd á formannafundi. Upplýsingamiðlun og vefnotkun eru þættir sem leggja þarf áherslu á. Það er afar mikilvægt að fjölga í klúbbunum og styðja við þá. Þóra sagði að lokum að við gætum verið stoltar af 6 virkum klúbbum á Íslandi og að við horfðum bjart til framtíðar.

8. **Skýrslur formanna klúbba.**

Skýrslur formanna klúbbanna. Guðrún Rósa formaður ZA reið á vaðið. Jenný Ágústsdóttir í forföllum Margrétar Magnúsdóttur frá Zontaklúbbnum Emblu. Stella Víðisdóttir frá Sunnum. Úlla R Pedersen í forföllum Guðrúnar Bjargar Aðalsteinsdóttur frá Uglu. Ingibjörg Auðunsdóttir frá Þórunni hyrnu. Skýrslur formanna eru aðgengilegar í viðhengi.

10:30 – 10:45. Kaffihlé

9. **Áframhald – skýrslur formanna**

Þuríður Ragna frá Zontaklúbbi Reykjavíkur. Að lokum þakkaði Þóra Ákadóttir fyrir skýrslurnar og minnti á að það þarf að skila þeim til hennar.

10. **Zonta International - Advocacy nefnd. Ingibjörg Elíasdóttir formaður gerir grein fyrir starfi nefndarinnar.**

Ingibjörg Elíasdóttir gerði grein fyrir störfum Advocacy nefndar ZI . Hún fór yfir markmið ZI í stuttu máli og lýsti störfum nefndarinnar sem samanstendur af konum frá ýmsum heimshlutum. Hún fór einnig yfir helstu þætti í starfi Zonta bæði á alþjóðavísu og í nærsamfélagi. Samstarf Zonta og SÞ og Zonta og Evrópuráðsins var einnig umfjöllunarefni en eitt af undirmarkmiðum 5. markmiðs SÞ er að útrýma skaðlegum venjum s.s. barnagiftingum. ZI tók virkan þátt í að semja texta Istanbúlsamningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Mikil áhersla er lögð á að koma í veg fyrir giftingar barna og ungmenna og hvað Zonta getur gert til að styrkja þá baráttu. Meginverkefni 2018 – 2020 er *Ending child marriage* og mikilvægt er að vekja athygli á þessu verkefni með fjölbreyttum hætti t.d. með því að helga klúbbfund verkefninu og gegnum *Zonta Says No* átakið í nóvember næstkomandi.

11. **Erindi: Seiglast til Sigurs – "Skref fyrir skref" aðferðin fyrir persónuleg markmið og jákvæðar samfélagsbreytingar**

Auður H Ingólfsdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur og áhugamanneskja um sjálfbærni, samfélagsábyrgð og sjálfseflingu.

Auður sagði frá upplifun sinni í tengslum við hugtakið seigla sem hún lagði út af í erindinu. Auður vann á Sri Lanka við vopnahléseftirlit frá 2006 og varð vitni að mörgu afar erfiðu og ljótu. Varð svo jafnréttis-fulltrúi á Balkanskaga á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hún sneri síðan heim 2008 beint í bankahrunið og persónuleg áföll dundu yfir. Hún las á þessum tíma bók Wangari Maathai nóbelsverðlaunahafa frá Kenya, *Unbowed*. Bókin vakti hana til umhugsunar um hvað hægt er að gera til að byggja aftur upp styrk og kraft. Auður fór í doktorsnám og fór að hlaupa með það markmið að hlaupa maraþon. 2015 hljóp hún maraþon og árið eftir varði hún doktorsritgerð sína. Hún talaði um markmið og það að hrífa aðra með sér og nefndi í því sambandi Gretu Thunberg og átak hennar í loftslagsmálum sem hefur smitað út frá sér og haft mikil áhrif. Auður hefur nýlega stofnaði fyrirtæki Transformia ehf um sjálfseflingu og samfélagsábyrgð.

12:45 – 13:45 hádegisverður á Hótel Kea

12. Erindi: **Íslenska konan á ofurhlaupum.**

Andrea Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Andrea Hjálmsdóttir hefur ásamt vinnuhópi lagt fyrir könnun sem skoðar samræmingu daglegs lífs og atvinnu hjá ýmsum hópum í samfélaginu í dag. Tekin voru viðtöl við rýnihópa bæði á Akureyri og í Reykjavík. Konur, karlar, pör og einstæðir foreldrar. Streituvaldar eru margskonar svo sem heimilisstörf, barnauppeldi, skólaganga, frí, samskipti við skóla og vetrar- og sumarfrí, ásamt kynjamismun. Mikið er rætt í viðtölunum um áreiti frá vinnu gegnum síma, tölvupóst, verkefni o.fl. Konur reyna að forgangsraða og gera margt í einu. Andrea segir það samfélagslegt verkefni hvernig fólk skiptir með sér verkum. Verkaskipting á heimilum er enn afar ójöfn. Flestir eiga drauma um styttri vinnutíma, bæði karlar og konur.

13. Ársreikningur Zontasambands Íslands lagðir fram til samþykktar, Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri ZI.

Ársreikningur Zontasambands Íslands sem Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri ZI fór yfir og kynnti. Spurt var út í einstaka liði úr reikningunum t.d. umboðsgjald/proxi og ráðstöfun þess, sem á síðust árum hefur gengið til Zontasambandsins en ekki klúbbanna sem fara með atkvæðið. Dögg Pálsdóttir vakti athygli á því hvað mikið þyrfti að gera í vefsíðu/heimasíðu fyrir zonta og að sambandið væri langt á eftir í þeim málum. Hún ræddi líka hvort klúbbarnir sjálfir ættu að bera fjárhagslega ábyrgð á landþingum eða sambandið. Fjóla Björk frá ZA spurði út í hvort ásættanlegt væri að tap sé á rekstri sambandsins og Sigríður útskýrði sjónarmið sambandsins. Fundarstjóri bar upp reikninga sem voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum

14. Ákvörðun árgjalds og atkvæðisgjald. Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri.

Sigríður bar upp tillögu um óbreytt árgjald (3.600) og óbreytt umboðsgjald/proxi (40.000). Dögg Pálsdóttir lagði til að árgjald yrði hækkað upp í 4.000 kr. og að umboðsgjald/proxi yrði hækkað upp í 50.000 kr. Umræður urðu um hvort ætti að hækka gjöldin og hvernig þessum peningum er varið. Þóra upplýsti að umboðsgjald er samkvæmt lögum óháð fjölda félaga í klúbbi. Beiðni kom um að fresta atkvæðagreiðslu fram yfir matarhlé. Tillaga Daggar um hækkun árgjalds var svo borin upp til atkvæða og samþykkt með 29 atkvæðum, enginn á

móti. Tillaga Daggar um hækkun á umboðsgjaldi borin upp og samþykkt með 24 atkvæðum gegn 5.

15. Tillögur og ályktanir sem borist hafa svæðisstjóra.

Engar tillögur hafa borist.

16. Lög Zontasambands Íslands, endurskoðun laganna, Dögg Pálsdóttir ZE

Lög Zontasambands Íslands og endurskoðun laganna. Dögg sýndi lögin og þær breytingar sem lagðar eru til. Dögg skýrði breytingarnar og svaraði fyrirspurnum um þær. Atkvæðagreiðslu um lagabreytingar var frestað fram yfir matarhlé. Breytingar á lögum yfirfarnar og ræddar. Dögg stjórnaði þeim umræðum og bar breytingar upp til atkvæðagreiðslu. Allar breytingar voru samþykktar mótatkvæðalaust.

17. Kosningar: Varasvæðisstjórar frá Sunnum og Þórunni hyrnu.

Sigríður Björnsdóttir frá Zontaklúbbnum Sunnu tekur við sem svæðisstjóri af Þóru Ákadóttur 2020. Ingibjörg Auðunsdóttir Zontaklúbbnum Þórunni hyrnu býður sig fram fyrir tímabilið 2020 – 2022.

18. **Kosning endurskoðenda reikninga** Þessi liður fellur niður.

19. Heimasíður, stefna og markmið Zontasambandsins, umræður, svæðisstjóra.

Þóra Ákadóttir leiddi umræður. Hún stakk upp á að skipuð yrði nefnd til að taka á þessum þáttum. Inga Jóna í Sunnum talaði um breytta tíma hvað varðar heimasíður og þróunina sem orðin er frá heimasíðum til fb-síða. Guðríður Gyða fór yfir ýmislegt varðandi heimasíður Zonta og þær upplýsingar sem þar er að finna. Hún benti á að það sé til heimasíðunefnd. Einnig er bent á að það séu vefstjórar í öllum klúbbum sem gætu verið teymi eins og Þóra talaði um. Þóra stingur upp á að Guðríður Gyða leiði þennan hóp

20. Aldursdreifing innan zontaklúbbanna á íslandi Guðríður Gyða Eyjólfsd. ZA

Guðríður Gyða fulltrúi í valnefnd umdæmisins gerði grein fyrir þessu málefni, starfi nefndarinnar og hlutverki. Valnefnd nær í félaga og heldur þeim í klúbbnum. Guðríður Gyða flutti ýtarlegt erindi um málefnið.

21. Afmælisnefndin Ingibjörg Auðunsdóttir formaður ZÞH

Afmælisnefnd: Ingibjörg Auðunsdóttir lýsti störfum afmælisnefndar og fór yfir drög að hugmyndum um afmælishald. Ragna Karlsdóttir formaður afmælisnefndar umdæmisins kom í pontu og lýsi ánægju sinni með að þetta starf væri komið af stað og lagði áherslu á að nota tækifærið og vekja athygli á zontastarfinu almennt. Talsverðar umræður urðu um fjármögnun verkefnisins. Tillögur komu frá afmælisnefnd um styrki í tilefni þessara tímamóta.
Afmælisnefnd ZÍ beinir því til zontaklúbbnna á Íslandi að þeir styðji eftirfarandi verkefni í tilefni 100 ára afmælis ZI. Innanlands: Húsbyggingarverkefni kvennaathvarfsins. Klúbbarnir ákveði upphæð hver um sig og tilkynni svæðisstjóra eftir aðalfundi sína í vor. Alþjóðlegt: Verkefnið gegn barnahjónaböndum. Klúbbarnir greiði hver um sig í sjóðinn og tilgreini að tilefnið sé 100 ára afmæli ZI.
Samþykkt að vísa tillögunni til klúbbanna til frekari umfjöllunar.

22.-23 Umdæmisþing – 100 ára afmælisþing í Kaupmannahöfn 12. – 15. sept. n.k. Heimsþing í Chicago 4. – 8. júlí 2020.

Þóra Ákadóttir kynnir þessa viðburði. Hún hvetur konur til að kynna sér þetta vel og að fjölmenna á þessa viðburði.

24. Önnur mál

a) Stella Víðisdóttir í Sunnu sagði frá hópabókun til Kaupmannahafnar sem þær hafa gert og að enn eru laus sæti.
b) Hildur Helga úr Sunnu sem er í kjörnefnd umdæmisins vekur arthygli á því að það er óskað eftir tilnefningum í ýmis embætti sem kosið verður í á þinginu í Kaupmannahöfn.

Fleira ekki gert og Þóra Ákadóttir þakkaði konum góðan dag og sleit fundi kl 16:20